

Skrifstofa rektors
24.9.20/PK

Fyrir fund 1. 10. 2020

Bókfærð mál.

Endurskoðunarnefnd háskólaráðs

Lagt er til að eftirtaldir þrjú fulltrúar í háskólaráði skipi endurskoðunarnefnd ráðsins til næstu tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2022:

Ásthildur Otharsdóttir, formaður [fulltrúi í háskólaráði valin af tilnefndum og kjörnum fulltrúum í ráðinu]

Einar Sveinbjörnsson [fulltrúi í háskólaráði tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra]

Ólafur Pétur Pálsson [fulltrúi háskólasamfélagsins í ráðinu]

Skipun endurskoðunarnefndar háskólaráðs

Við upphaf starfstíma nýs háskólaráðs skipar ráðið þriggja manna endurskoðunarnefnd úr hópi fulltrúa í háskólaráði til tveggja ára í senn og skal skipunartími vera hinn sami og háskólaráðs. Í nefndinni sitja einn fulltrúi háskólasamfélagsins, einn fulltrúi tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra og einn fulltrúi úr hópi þeirra sem valdir eru af tilnefndum og kjörnum fulltrúum í ráðinu. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal a.m.k. einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Ef enginn fulltrúi uppfyllir hæfni á því sviði getur háskólaráð skipað utanaðkomandi aðila í nefndina. Við skipun nefndarinnar skal gætt að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Nefndarmenn skulu vera óháðir Ríkisendurskoðun og endurskoðendum félaga sem háskólinn á hlutdeild í og meirihluti nefndarinnar skal jafnframt vera óháður háskólanum og daglegum stjórnendum hans. Háskólaráð ákveður hver gegnir formannsstörfum, en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Innri endurskoðandi situr fundi endurskoðunarnefndar, er ritari hennar og heldur utan um starf hennar á milli funda í samráði við formann.

Hlutverk og verkefni endurskoðunarnefndar háskólaráðs

Endurskoðunarnefnd er starfsnefnd háskólaráðs og hefur það hlutverk að aðstoða ráðið og rektor við að sinna eftirliti með starfsemi háskólans. Háskólaráð ber ábyrgð á skipun og störfum endurskoðunarnefndar sem starfar í umboði ráðsins í samræmi við starfsreglur sem ráðið setur. Skipun endurskoðunarnefndar dregur ekki úr eða leysir háskólaráð og rektor frá ábyrgð sinni og skal reglulega miðla nákvæmum upplýsingum um störf sín til ráðsins.

Verkefni endurskoðunarnefndar háskólans eru m.a. að hafa eftirlit með gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar, fjárhagslegri upplýsingagjöf og gerð reikningsskila, fyrirkomulagi innra eftirlits og áhættustjórnunar og starfi innri og ytri endurskoðenda háskólans og að fara nánar yfir rekstur einstakra eininga þar sem komið hafa upp vandamál. Nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar í starfsreglum sem háskólaráð setur.